

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Öndarfirði



Dags eftirlits	16.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ís 47 ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Fagraholti 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650603-3030	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Jón Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. 4) Vöktunaráætlun fyrir árið 2023 hefur ekki borist Umhverfisstofnun. 5) Sýni voru ekki tekin á meðan eldissvæðið var hvílt árið 2023. Tvær ábendingar voru gerðar: 1) Fara þarf yfir að upplýsingar um öll þau atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi, komi fram í ársyfirliti. 2) Viðeigandi öryggisblöð skuku vera tiltæk í efnageymslu. Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð ÍS 47 í Öndarfirði.

ÍS 47, Öndarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 11. mars 2015 og gildir til 31. desember 2030. Rekstraraðila er heimilt að framleiða á eldissvæðinu allt að 1.200 tonn á ári af regnbogasilungi og þorski með áframeldi þorsks í Öndarfirði. Lífmassi á hverjum tíma skal ekki vera yfir 1.000 tonnum. Tvö svæði eru tilgreind í leyfinu (A og B) en svæði B hefur aldrei verið notað.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
Fjögur frávik komu fram í eftirliti árið 2022. Tveimur þeirra var lokað í eftirlitsskýrslu dags. 3. október 2022. Hinum tveimur var lokað í bréfi dags. 16. nóvember 2022.
Í eftirliti árið 2022 var rekstraraðila bent á að senda lífmassaskýrslu fyrir hvern mánuð með ársskýrslu svo meta megi lífmassa á hverjum tíma. Lífmassaskýrslur fylgdu ekki með ársyfirliti fyrir árið 2022 og er það því skráð sem frávik.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
Grænu bókhaldi var skilað þann 7. nóvember sl. en frestur til þess rann út þann 1. maí sl. Ársyfirliti var skilað þann 9. nóvember sl. en frestur til þess rann út þann 1. maí sl. Útstreymisbókhaldi var skilað þann 7. nóvember sl. en frestur til þess rann út þann 1. maí sl. Þessi atriði eru hvert fyrir sig, frávik frá starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að tryggja að upplýsingar um öll atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi (t.d. afföll og fóðurnýtingu), komi skýrt fram í ársyfirlitinu.

Samkvæmt vöktunaráætlun sem var skilað til Umhverfisstofnunar þann 25. mars 2022, átti að taka sýni vegna vöktunar þegar lífmassi væri í hámarki og eftir hvíld stöðvarinnar. Einnig kemur fram í vöktunaráætluninni að hún skuli endurskoðuð árlega. Sýni voru tekin 2. desember 2022

(þegar lífmassi var í hámarki) og barst skýrsla til Umhverfisstofnunar þann 30. apríl 2023. Ný vöktunaráætlun hefur ekki borist og skv. rekstraraðila voru engin sýni tekin á meðan svæðið var hvílt, sem var frá mars til og með ágúst. Hvort atriði um sig er frávik frá starfsleyfi. Samkvæmt gögnum rekstraraðila voru í árslok 2022 fimm eldiskvíar í notkun, hver þeirra um 6.440 m³, með samtals um 218,3 tonna lífmassa. Meðal þéttleiki var því um 6,8 kg/m³, sem er í samræmi við heimild í starfsleyfi. Seiði voru sett út í kvíar á svæði A um mánaðamótin ágúst/september 2023. Samkvæmt útreikningum var losun fosfórs um 12,3 kg/tonn af framleiddum fiski sem er innan heimildar í starfsleyfi.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

4. Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði rekstraraðila og siglt að kvíum. Rekstraraðila er bent á að tryggja að viðeigandi öryggisblöð séu tiltæk í efnageymslu. Heimild í starfsleyfi til að nota eldisnætur, litaðar með ásætuvörnum sem innihalda koparoxíð, hefur ekki verið notuð. Engar athugasemdir eru gerðar við kvíasvæði.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma.
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma.
gr. 3.3 í starfsleyfi.	Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma.
gr. 5.1 í starfsleyfi.	Engin vöktunaráætlun hefur verið í gildi eftir að "Vöktunaráætlun fyrir Önundarfjörð - 2022" lauk.
Vöktunaráætlun fyrir Önundarfjörð - 2022 og 2. mgr. 54. gr. laga nr. 7/1998 um	Sýni voru ekki tekin skv. vöktunaráætlun á meðan svæðið var hvílt frá mars og fram í ágúst árið 2023.


hollustuhætti og mengunarvarnir.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Fara þarf yfir að upplýsingar um öll atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi (t.d. afföll og fóðurnýtingu), komi fram í ársyfirliti. 2) Viðeigandi öryggisblöð slulu vera tiltæk í efnageymslu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2023


Freyr Ávarsson